

2009-2010

Almenn braut

Skrifað 14 maí 2011

Er vinnslu.

Tæknideild

Skrifað 14 maí 2011

Skýrsla tæknideildar fyrir skólaárið 2009 - 2010

Starfsemin var með hefðbundnu sniði og engar umtalsverðar breytingar á vél- og hugbúnaði. Þó var PCounter sem haldið hefur utan um prentkvóta í mörg ár skipt út fyrir PaperCut sem þjónar sama tilgangi.

Nú eru í rekstri 18 borðtölvur, 18 fartölvur, netþjónn með Windows Server 2003 netstýrikerfi, 9 prentarar og einn skanni. Allar tölvurnar eru með Windows XP Pro stýrikerfi og Office 2007 hugbúnaði. Allur hugbúnaður er uppfærður reglulega. Þá eru uppsettir 11 þráðlausur sendar í skólanum, flestir af LynkSys gerð og auk þess 13 brýr og 7 sendar af sömu gerð heima hjá starfsfólki.

Bætt var við fjarfundabúnaði í Dvergasteini og eru nú til tvö sett tilbúin til notkunar.

Alls voru skráðir notendur innra nets 183 á vorönn.

Engar umtalsverðar bilanir komu upp og engin vandræði vegna vírusa á starfsárinu. Endurnýja þurfti nokkrar rafhlöður í fartölvum kennarar, en áberandi er hversu mikill munur er á endingu þeirra milli einstaklinga. Væri eflaust hægt að bæta hana með því að stuðla að betri meðferð.

Ekki er talin brýn þörf á endurnýjun vélbúnaðar fyrir næsta skólaár en þó má reikna með að ein og ein fartölva úreldist.

Lagt er til að á næsta skólaári verði farið að huga að innleiðslu opins hugbúnaðar í stofnuninni og ennfremur er brýnt að endurhanna vef skólans.

Konráð Erlendsson, umsjónarmaður tæknimála.

Viðurkenningar

Skrifað 14 maí 2011

Viðurkenningar fyrir góðan námsárangur við Framhaldsskólann á Laugum vorið 2010

Jón Arnar Sighvatsson

Viðurkenning fyrir góðan námsárangur á stúdentsprófi í dönsku við Framhaldsskólann á Laugum vorið 2010

Danska sendiráðið

(Börnene)

Gígja Valgerður Harðardóttir

Viðurkenning fyrir góðan námsárangur á stúdentsprófi í sálfræði og uppeldisfræði við Framhaldsskólann á Laugum vorið 2010

Hárgreiðslustofan Metró Húsavík

(Halldór Laxness - Úrvalsbók)

Arna Kristín Sigfúsdóttir

Viðurkenning fyrir afbrigðis námsárangur á stúdentsprófi í þýsku við Framhaldsskólann á Laugum vorið 2010

Þýska sendiráðið

(Wörterbuch der deutschen Sprache)

Gígja Valgerður Harðardóttir

Viðurkenning fyrir afbrigðis námsárangur á stúdentsprófi í þýsku við Framhaldsskólann á Laugum vorið 2010

Þýska sendiráðið

(Beste Deutsche Erzähler og Duden Sprachtipps)

Bjarni Arason

Viðurkenning fyrir góðan námsárangur á stúdentsprófi í félagsgreinum við Framhaldsskólann á Laugum vorið 2010

Gistiheimili Húsavíkur ehf

(Halldór Laxness – Úrvalsbók)

Gígja Valgerður Harðardóttir

Viðurkenning fyrir afbrigðis námsárangur á stúdentsprófi í íslensku við Framhaldsskólann á Laugum vorið 2010

Hótel Rauðuskriða

(Íslenskir málshættir)

Arna Kristín Sigfúsdóttir

Viðurkenning fyrir góðan námsárangur á stúdentsprófi í íslensku við Framhaldsskólann á Laugum vorið 2010

Hótel Rauðuskriða

(Íslenskir málshættir)

Halldóra Kristín Bjarnadóttir

Viðurkenning fyrir góðan námsárangur á stúdentsprófi í íslensku við Framhaldsskólann á Laugum vorið 2010

Laugafiskur

(Íslenskir málshættir)

Ragna Baldvinsdóttir

Viðurkenning fyrir góðan námsárangur á stúdentsprófi í íslensku við Framhaldsskólann á Laugum vorið 2010

Laugafiskur

(Íslenskir málshættir)

Jón Arnar Sighvatsson

Viðurkenning fyrir góðan námsárangur á stúdentsprófi í stærðfræði við Framhaldsskólann á Laugum vorið 2010

Jarðböðin við Mývatn

(Ljóðasafn Tómasar Guðmundssonar)

Arna Kristín Sigfúsdóttir

Viðurkenning fyrir góðan námsárangur á stúdentsprófi í stærðfræði við Framhaldsskólann á Laugum vorið 2010

Fosshótel ehf

(Ljóðasafn Tómasar Guðmundssonar)

Jón Arnar Sighvatsson

Viðurkenning fyrir mjög góðan námsárangur á stúdentsprófi í ensku við Framhaldsskólann á Laugum vorið 2010

Sparisjóður S-Þing

(Saga Laugaskóla)

Kanadíska sendiráðið

(?)

Guðrún Emilía Halldórudóttir

Viðurkenning fyrir góðan námsárangur á stúdentsprófi í ensku við Framhaldsskólann á Laugum vorið 2010

Ferðaþjónustan Narfastöðum

(Perlur í skáldskap Laxness)

Sigrún Lea Halldórudóttir

Viðurkenning fyrir góðan námsárangur á stúdentsprófi í ensku við Framhaldsskólann á Laugum vorið 2010

Sel Hótel Mývatn

(Perlur í skáldskap Laxness)

Ásta Þórðardóttir

Góður skólaþegn við Framhaldsskólann á Laugum vorið 2010

Halldór Laxness - Úrvalsbók

(Gentle Giants – Whale Watching Húsavík)

Helga Hrefna Sævarsdóttir

Viðurkenning fyrir góðan námsárangur á stúdentsprófi í sögu við Framhaldsskólann á Laugum vorið 2010

Veitingahúsið Salka Húsavík

(Steinn Steinarr - ljóðasafn

Jón Arnar Sighvatsson

Viðurkenning fyrir góðan námsárangur á stúdentsprófi í raungreinum við Framhaldsskólann á Laugum vorið 2010

Hótel Reynihlíð

(Íslenskir jöklar)

Arna Kristín Sigfúsdóttir

Viðurkenning fyrir góðan námsárangur á stúdentsprófi í bóklegum greinum íþróttá við Framhaldsskólann á Laugum vorið 2010

Pingeyjarsveit

(Blæbrigði vatnsins)

Gígja Valgerður Harðardóttir

Viðurkenning fyrir góðan námsárangur á stúdentsprófi í bóklegum greinum íþróttá við Framhaldsskólann á Laugum vorið 2010

Pingeyjarsveit

(Blæbrigði vatnsins)

Ragna Baldvinsdóttir

Viðurkenning fyrir góðan námsárangur á stúdentsprófi í bóklegum greinum íþróttanna við Framhaldsskólann á Laugum vorið 2010

Norðurpóll

(Blæbrigði vatnsins)

Arna Kristín Sigfúsdóttir, Halldóra Kristín Bjarnadóttir, Inga Jóna Bragadóttir, Kristín Ingibjörg Hlynsdóttir, Sirrý Björt Lúðvíksdóttir

Viðurkenning fyrir gott starf að félagsmálum við Framhaldsskólann á Laugum

Framhaldsskólinn á Laugum

(Saga Laugaskóla)

Gunnar Sigfússon

Viðurkenning fyrir afbragðs starf að félagsmálum við Framhaldsskólann á Laugum

Framhaldsskólinn á Laugum og Eymundsson og Penninn

(Saga Laugaskóla og Skáldalíf e. Halldór Guðmundsson)

Ragna Baldvinsdóttir

Viðurkenning

Brautskráist með flestar námseiningar á stúdentsprófi, alls 173 einingar,

frá Framhaldsskólanum á Laugum vorið 2010

Framhaldsskólinn á Laugum

(Saga Laugaskóla)

Arna Kristín Sigfúsdóttir

Viðurkenning stúlkna fyrir að hafa lokið flestum námseiningum

á skólaárinu 2009-2010, alls 63 einingum, við Framhaldsskólann á Laugum

Menningarsjóður þingeykra kvenna

(Þegar orð fá vængi)

Friðbjörn Bragi Hlynsson Fjölur Jónsson

Viðurkenning þilta fyrir að hafa lokið flestum námseiningum

á skólaárinu 2009-2010, alls 49 einingum, við Framhaldsskólann á Laugum

Ferðapjónustan Narfastöðum

(Steinn Steinarr - Ljóðasafn)

Íþróttastarf

Skrifað 14 maí 2011

Ársskýrsla Íþróttafélags Laugaskóla (ÍFL) veturinn 2009-2010

Skólaslitaræða

Skrifað 14 maí 2011

Brautskráning stúdenta frá Framhaldsskólanum á Laugum vorið 2010 - Ræða skólameistara

J. S. Bach: Air Selvadore og Tuuli Raeni leika

Ágætu gestir, starfsfólk skólans og kæru nemendur.

Ég býð ykkur öll hjartanlega velkomin til þessarar hátíðarstundar.

Við hlýddum hér á Selvadore og Tuuli Raehni flytja okkur **Air** eftir **Jóhann Sebastian Bach**. Selvadore lék á klarinett og Tuuli á píanó

FYRSTU VORDÆGUR eftir Þorstein Gíslason

Ljósið loftin fyllir,
og loftin verða blá.
Vorið tánnum tyllir
tindana á.

Dagarnir lengjast,
og dimman flýr í sjó.
Bráðum syngur lóa
í brekku og mó.

Og lambagrasíð ljósa
lítkar mel og barð.
Og sóleyjar spretta
sunnan við garð.

Undanfarna daga hefur söngur fuglanna verið yfirgnæfandi í umhverfinu hér á Laugum, þrestir, lóur, hrossagaukar, jaðrankanar, endur og áltfir og jafnvel máfurinn hafa verið önnum kafin í tilhugalífinu og við hreiðurgerð. Ástarsöngvar þeirra vara nánast allan sólarhringinn, margradda kór. Inn í hann hefur svo blandast suð flugnanna sem líka eru í vorskapi. Og í gær horfði ég á landið grænka undan mildu regninu. Vor, uppbygging, trú á framtíðina, samvinna og samhyggð.

Allt þetta sjáum við í náttúrunni ár eftir ár, þessa hringrás sem síðan felur í sér á ákveðnum tímamarki uppskeru, hátind, fullþroska og svo hnignun, hrörnun og dvala eða dauða, sem þá ber í sér nýtt líf, nýtt upphaf. Við sem búum svo nærri fjölbreyttri náttúru njótum þeirra forréttinda að verða áþreifanlega vör við þessa hringrás og hún fer síður fram hjá okkur, en þeim sem búa fjarri henni í stórum borgum. Við verðum líka vitni að því hvað samvinna og samhyggð skipta miklu máli fyrir heilbriggt samfélag. Á erfiðum tímum, eins og nú ganga yfir okkar þjóð og aðrar, má segja, að það skipti enn meira máli að missa ekki sjónar á þessum gildum. Ekki síst af því að þegar vel gengur virðist og ég segi virðist, sem þessi gildi láti undan. Menn verða uppteknir af eigin velgengni og velsæld og gleyma því að það sitja ekki allir við háborðið. Sjálfhverfnin eykst, ásamt ríkari meðvitund um réttindi og réttinn til, en skyldur gagnvart öðrum, samfélaginu og sjálfum sér, skipta minna máli. Ég á, má vil og ætla... hugsun verður meira ríkjandi. En eins og í hringrás náttúrunnar upplifir hver kynslóð kreppu í kjölfar velmegunar og sagan hefur kennt okkur að við eigum að leggja fyrir til hinna sjö mögru ára meðan vel gengur. Sú hugsun er að vísu ekki rótgróin í íslenska þjóðarsál, sem hefur kannski fyrst á tuttugustu öldinni kynnst almennri velsæld. En fyrri kynslóðir gengu í gegnum erfið ár og erfiðari ár og vissu vel af því ekkert er tryggt í heimi hér. Allra yngstu kynslóðirnar hafa hinsvegar alist upp við meiri velsæld, tækifæri, möguleika og tækni til allra hluta og trúna á að þannig yrði lífið, fyrirhafnarminna, fyndnara og skemmtilegra en hjá forfeðrum okkar. Það verður því vitaskuld hörð lending þegar virkilega kreppir að og veislan búin. Fyrstu viðbrögð eru náttúrulega að verja sitt, setja út klærnar, benda á hinn. Nái það andrúmsloft að festast í sessi, er samfélagið í hættu. Samfélag byggir á reglum, sameiginlegu gildismati og samstöðu til að tryggja stöðu hvers einstaklings sem það byggir. Hafni menn reglum samfélagsins skapar það óöryggi og upplausn. Því hefur samfélagið alltaf viðurlög við brotum, til að tryggja stöðugleikann. Við aðstæður eins og sköpuðust í okkar samfélagi, með afleiðingum sem við erum að glíma við núna, kemur víða upp sú hugsun, hvort ekki sé í lagi að hundsa allar reglur, eins og allir hinir gerðu, auk þess sem þanþol allt minnkar. Þá kemur að vorinu aftur, trúnni á framtíðina, uppbyggingu, samvinnu og náungakærleikanum. Við þurfum að taka höndum saman, undirstrika þau gildi sem við viljum að séu við lýði og sameinast um að kenna yngri kynslóðum að virða þau og fara eftir þeim í reynd. Það þýðir meðal annars að vera tilbúin til að axla byrðar saman í þágu heildarinnar, að bera virðingu hvert fyrir öðru, að draga úr dómhörku og fullyrðingum um menn og málefni, að sýna þolinmæði og skilning, að tala vel um aðra og að launa með góðu. Við þurfum hvert á öðru að halda, ALLTAF, því maður er manns gaman.

Þá flettir sól af fjöllumum
fannanna strút.
Í kaupstað verður farið
og kýrnar leystar út.

Bráðum glóey gyllir
geimana blá.
Vorið tánum tyllir
tindana á.

Arna Kristín Sigfúsdóttir, Gígja Valgerður Harðardóttir, Indiana Þórsteinsdóttir og Ragna Baldvinsdóttir syngja nú **Með hallandi höfði**, lag **Stephens Still** og texti eftir **Andra Þór Sturluson**. Undirleik annast Jan Aalavere, Pétur Ingólfsson og Sigurður Illugason

Hallur Birkir Reynisson, áfangastjóri, tekur nú til máls

Með okkur hér í dag er að vanda fríður hópur fyrrum Lauganema, sem sameinast í minningum þess tíma er þeir gengu hér um hlað, sem nemendur og áttu framtíðina fyrir sér.

Fyrir hönd 60 ára gagnfræðinga og smíðadeildar frá Laugum talar **Arnþrúður Arnórsdóttir**.

Fyrir hönd 50 ára gagnfræðinga frá Laugum talar nú **Anna Helgadóttir**.

Fyrir hönd 50 ára útskriftarnema úr smíðadeild frá Laugum talar nú **Tryggvi Óskarsson**.

Fyrir hönd 30 ára níundu bekkinga frá Héraðsskólanum á Laugum talar **Sigrún Óladóttir**

Fyrir hönd 15 ára stúdenta frá Framhaldsskólanum á Laugum talar **Rúnar Birgir Gíslason**

Fyrir hönd 10 ára stúdenta frá Framhaldsskólanum á Laugum talar **Haraldur Rúnar Sverrisson**

Arna Kristín Sigfúsdóttir, Gígja Valgerður Harðardóttir, Indiana Þórsteinsdóttir og Ragna Baldvinsdóttir syngja

nú **Vegbúann eftir KK**. Undirleik annast Jan Aalavere, Pétur Ingólfsson og Sigurður Illugason

Í vetur hafa verið með okkur í starfi skólans tveir sjálfboðaliðar, þær **Sarka Mrnakova** frá Tékklandi og **Denise**

Manz frá Þýskalandi. Denise hefur verið til aðstoðar í þýskukennslu og Sarka á almennri braut og þær báðar við

félagslíf nemenda. Ég vil þakka þeim báðum afskaplega samviskusamt og gott starf og bið þær að koma og veita viðtöku þakklætisvotti frá skólanum.

Halldóra Birgisdóttir hefur starfað í mötuneyti skólans undanfarin þrjú ár. Hún er nú að yfirgefa okkur og halda

suður á bóginn með dætrum sínum sem eru að ljúka stúdentsprófi hér í dag. Ég veit að Dóru verður sárt saknað og vil

þakka henni kærlega fyrir vel unnin störf og bið hana að koma hér og taka við þakklætisvotti frá skólanum.

Arnór Benónýsson flytur nú ljóð

Ég vil nú biðja ykkur, kærur nemendur, að koma og veita skírteinum ykkar viðtöku.

Andrea Stefánsdóttir hefur lokið stúdentsprófi af félagsfræðibraut með 140 einingum.

Arna Kristín Sigfúsdóttir hefur lokið stúdentsprófi af náttúrufræði- og íþróttabraut á þremur árum með 172 einingum.

Arnór Helgi Knútsson hefur lokið stúdentsprófi af félagsfræðibraut á þremur árum með 140 einingum.

Ásta Þórðardóttir hefur lokið stúdentsprófi af félagsfræðibraut með 140 einingum.

Birkir Freyr Baldursson hefur lokið stúdentsprófi af félagsfræðibraut með 141 einingu.

Bjarni Arason hefur lokið stúdentsprófi af félagsfræðibraut með 143 einingum.

Daði Petersson hefur lokið stúdentsprófi af félagsfræði- og íþróttabraut með 155 einingum.

Gígja Valgerður Harðardóttir hefur lokið stúdentsprófi af félagsfræði- og íþróttabraut á þremur árum með 172 einingum.

Guðrún Emilía Halldórudóttir hefur lokið stúdentsprófi af náttúrufræðibraut á þremur árum með 150 einingum.

Gunnar Sigfússon hefur lokið stúdentsprófi af félagsfræði- og íþróttabraut með 155 einingum.

Halldóra Kristín Bjarnadóttir hefur lokið stúdentsprófi af náttúrufræðibraut á þremur árum með 151 einingu.

Helga Hrefna Sævarsdóttir hefur lokið stúdentsprófi af félagsfræðibraut með 142 einingum.

Hjalti Rúnar Jónsson hefur lokið stúdentsprófi af félagsfræði- og íþróttabraut með 153 einingum.

Hulda Björg Arnardóttir hefur lokið stúdentsprófi af félagsfræðibraut með 143 einingum.

Inga Jóna Bragadóttir hefur lokið stúdentsprófi af félagsfræðibraut með 141 einingu.

Ívar Örn Grétarsson hefur lokið stúdentsprófi af félagsfræði- og íþróttabraut með 140 einingum.

Jón Arnar Sighvatsson hefur lokið stúdentsprófi af náttúrufræðibraut með 151 einingu.

Kristín Ingibjörg Hlynsdóttir hefur lokið stúdentsprófi af náttúrufræðibraut með 149 einingum.

Petra Sif Björnsdóttir hefur lokið stúdentsprófi af félagsfræðibraut með 140 einingum.

Ragna Baldvinsdóttir hefur lokið stúdentsprófi af félagsfræði- og íþróttabraut á þremur árum með 173 einingum.

Sigrún Lea Halldóruðóttir hefur lokið stúdentsprófi af náttúrufræðibraut á þremur árum með 150 einingum.

Sírrý Björt Lúðvíksdóttir hefur lokið stúdentsprófi af félagsfræðibraut með 140 einingum.

Simon Svarvarsson hefur lokið stúdentsprófi af félagsfræði- og íþróttabraut með 147 einingum.

Svala Rut Stefánsdóttir hefur lokið stúdentsprófi af félagsfræðibraut með 144 einingum.

Tinna Rún Svansdóttir hefur lokið stúdentsprófi af félagsfræðibraut með 141 einingu.

Viatcheslav Titov hefur lokið stúdentsprófi af félagsfræði- og íþróttabraut með 147 einingum.

Póra Magnea Hlökkversdóttir hefur lokið stúdentsprófi af náttúrufræðibraut á þremur árum með 140 einingum.

Pórhalla Bergey Jónsdóttir hefur lokið stúdentsprófi af félagsfræðibraut með 141 einingu.

Ég óska ykkur öllum hjartanlega til hamingju með stúdentsprófið og bið ykkur að rísa úr sætum og setja upp stúdentshúfurnar ykkar.

Kæru nýstúdentar.

Ég vil þakka ykkur kærlega fyrir þann tíma sem þið hafið dvalið hér með okkur. Það fylgir því alltaf söknuður að kveðja og þið farið með mikið ykkur, bæði í eiginlegri og óeiginlegri merkingu.

Þið eruð langstærsti hópur nýstúdenta frá Laugum hingað til. Sum ykkar hafa verið hér lengur og önnur skemur, en öll skiljið þið eftir minninguna um þá persónu, sem hvert ykkar er.

Ég óska ykkur alls velfarnaðar á ykkar lífsgöngu, sem framundan er. Eins og sungið var hér áðan, þá er lífið ekki alltaf auðvelt og þú munt alltaf þurfa að þrauka aðeins lengur. En þá er líka gott að vera meðvitaður um, að vegna þess að þið gefist ekki upp, næst árangur og sigur.

Hafið sigurvilja, hreinskilni og heiðarleika með ykkur og munið að **öllum** verða á einhver mistök. Reisnin felst í því að geta viðurkennt þau og reynt að bæta fyrir gagnvart öðrum eða bæta sig gagnvart sjálfum sér.

Ég vona að þið getið öll litið til baka, langt inn í framtíðinni, reynslurík og þroskuð og fundið að hér lögðuð þið grunninn að gæfu ykkar.

Viðurkenningar veittar

Fulltrúi nýstúdenta, Hjalti Rúnar Jónsson, tekur nú til máls.

Selvadore og Tuuli Raehni flytja okkur **October** eftir **Tschaikowsky**. Selvadore leikur á klarinett og Tuuli á píanó.

Ágætu hátíðargestir.

Nú líður að lokum og ég þakka ykkur öllum fyrir að vera með okkur hér í dag.

Kæru samstarfsmenn, innilegar þakkir fyrir gott og árangursríkt starf við Framhaldsskólann á Laugum í vetur.

Nýstúdentar, ykkur bið ég að koma til myndatöku hér til hliðar strax á eftir.

Öllum viðstöddum er boðið að þiggja kaffiveitingar eftir athöfnina.

Hér á veggnum til hliðar hangir enn eitt skólaspjald í safn skólans, það geymir myndir af nemendum og starfsfólki skólans í vetur.

Þórhafnardeild Framhaldsskólans á Laugum er slitið í 1. sinn.

Framhaldsskólanum á Laugum er slitið í 22. sinn.

Skóla er slitið á Laugum í 85. sinn.